

Birtingur selur í Cuxhaven

Fyrsta skipið sem selur afla sinn þar á þessu ári

TOGARINN Birtingur frá Neskaupstað selur afla sinn í Cuxhaven næstkomandi miðviku-dag. Birtingur er fyrsta íslenska fiskiskipið, sem selur afla sinn í Cuxhaven á þessu ári. Á síðasta ári seldu 10 íslensk skip afla sinn þar en 95 í Bremerhaven.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, starfsmaður LÍÚ, segist ánægður með þá ákvörðun að láta Birting selja í Cuxhaven. Landsambandið hafi ætíð litið svo á að hagsmunum útvegsmanna væri best borgið með því að tveir virkir markaðir væru á hverju sölu-svæði. Svo væri í Bretlandi, þar sem íslenski fiskurinn væri að langmestu leyti seldur í Hull og Grimsby. Til skamms tíma hefðu báðir þýzku markaðirnir verið mjög virkir. Árið 1985 hefðu til dæmis 54 skip selt í Cuxhaven og 51 í Bremerhaven. Umsvif með ferskan fisk hefðu að undanfögnu farið mjög vaxandi í Bremerhaven á kostnað Cuxhaven og væru ástæður þess margar. Hann væri því ánægður að skipin skyldu á ný vera farin að sigla á Cuxhaven og vonandi skapaðist aukid jafnvægi á milli þessara markaða. Eftir sem áður léti LÍÚ útgerðarmenn sjálfa ráða því á hyorum markaðnum þeir seldu fiskinn.

Ríkisendurskoðun: Fundur með yfirskoðunarmönnum á mánudag

„YFIRSKOÐUNARMENN og ríkisendurskoðandi hittast á mánudag til að ræða bréf utanríkisráðherra,“ sagði Geir H. Haarde alþingismaður og einn yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Fyrr en að loknum þeim fundi vil ég ekkert um málið segja,“ sagði hann aðspurður um álit á stöðu í áfengiskaupamáli Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra. Geir vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti.

Lögregla fann 12 grömm af amfetamíni

FÍKNIEFNALÖGREGLAN lagði á fimmtudagskvöld hald á 12 grömm af amfetamíni við húsléit í Reykjavík og voru þrjú menn handteknir vegna málsins.

Mennirnir voru stöðvaðir í bíl í Langholtshverfi og handteknir. Síðar var gerð húsléit á heimili eins þeirra. Þar fannst efnid. Menn þessir hafa allir oft sinnis áður komið við sögu fíkniefna-mála.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Garðbæingar vígja íþróttahús

Garðbæingar vígdu í gær nýtt íþróttahús í bænum. Húsið stenz alþjóðlegar kröfur um aðbúnað og rými vegna kappleikja í helztu íþróttum, sem stundaðar eru innan dyra. Húsið var vígt við hátíðlega athöfn og sýndu íþróttamenn þar listir af ýmsu tagi. Fyrir slíka vígslu þarf að æfa sig og ungmennin á myndinni voru í gærmorgun að slípa af alla hugsanlega vankanta á vígslusýningunni. Í kvöld leikur svo meistaraflakkar karla Stjórnunnar í handknattleik við sænska liðið Drott. Leikurinn er liður í Evrópukeppni bikarhafa.

Atvinnuleysi á næsta ári:

Verða 4.100 manns að jafnaði atvinnulausir?

REYNIST spá Félags íslenskra iðnrekenda um 3% atvinnuleysi á næsta ári rétt, má gera ráð fyrir því að um 4.100 manns verði að jafnaði atvinnulausir út árið, samkvæmt því sem Hallgrímur Snorrason, Hagstofustjóri upplýsti í samtali við Morgunblaðið.

Hallgrímur sagði að atvinnuleysistalning miðaðist við ársverk, og samkvæmt þessu yrðu verklausir um 4.100 á næsta ári að jafnaði, en þegar atvinnuleysistopparnir yrðu, eins og í janúar-mánuði, sem ávallt væri slæmur mánuður, mætti gera sér í hugar-lund að tala atvinnulausra yrði á bilinu 6 til 7 þúsund manns á landinu öllu.

Yngvi Harðarson, hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun sagði í samtali við Morgunblaðið að ef atvinnuleysi á næsta ári yrði samkvæmt spá FÍL, þ.e. 3%, þá væri allt eins líklegt að atvinnulausir í mánuði eins og janúar yrðu yfir 7 þúsund.

„Miðað við árstíðasveifluna eins og hún hefur verið allt frá árinu 1972, er allt eins líklegt að þessi tala fari yfir 7 þúsund,“ sagði Yngvi.

Tæplega 132 þúsund ársverk voru á boðstólunum á árinu 1987. Hallgrímur segir að áætla megi að ársverkum í boði á þessu ári hafi fjölgað um 3% frá 1987. Því megi áætla að í ár verði ársverkin á bil-

inu 135 til 136 þúsund og á næsta ári verði þau um 137 til 138 þúsund. Miðað við 3% spá um atvinnuleysi á næsta ári, segir Hallgrímur að það jafngildi 4.100 til 4.200 ársverkum.


Á samdráttarárunum slæmu 1968 til 1969 var atvinnuleysi mikið og landflótti í kjölfar þess, einkum iðnaðarmanna. Í desember 1968 voru 1340 manns skráðir atvinnulausir, en ári síðar í sama mánuði voru þeir 2.500. Mest var atvinnuleysið í janúar 1969, en þá voru 5.475 atvinnulausir, sem jafngildi 7,1% atvinnuleysi. Að meðaltali það ár voru 1.975 atvinnulausir á skrá, sem jafngildi þá um 2,5% atvinnuleysi.

Fjalla- og smalamyndir á Kjarvalsstöðum

Á Kjarvalsstöðum verður í dag sýning á myndum og efni blaðamanna Morgunblaðsins, sem fóru í fjallferð með Land- og Holtamönnum í vikuleitir á Landmannaafreitti um miðjan september. Í blaðinu í dag er grein um fjallferðina eftir blaðamann blaðsins Árna Johnsen og Ragnar Axelsson. „Hundrað fjalla smalar“ heitir greinin.

Í efnisöflun blaðsins er oft tekið mikið af ljósmyndum, jafnvel þúsundir, en aðeins örfáar er hægt að birta og oft úr vöndu að ráða með val. Nokkuð á annað hundrað mynda úr smalaferðinni verða sýndar á Kjarvalsstöðum í dag. Sýnt er hvernig unnið er að uppsetningu slíkra greina í til-efni birtingar greinarinnar.

Kjarvalsstaðir eru opinir frá klukkan 11 árdegis til klukkan 22.



Morgunblaðið/Rax

Bílar hafa hækkað allt að 105% á sama tíma og kaup um 43%

BÍLAR hafa hækkað í verði um allt að 105%, samkvæmt athugun Morgunblaðsins, á tímabilinu ágúst/september 1987 til sama tíma á þessu ári. Vísitala greidds tímakaups hefur hækkað um 43% á sama tíma. Alls var athugað verð 43 bíltegunda, sem litlum eða engum breytingum hafa tekið á þessum tíma. 27 tegundir höfðu hækkað um meira en 70%, 15 um meira en 80% og fimm um meira en 90%. Á þessum tíma hefur sérstakt bifreiðagjald, sem innheimt er við innflutning, hækkað úr 0-32% í 16-66% og gengi yens um 55%, v-þýsk marks um 46% og dollars um 55%. Launamaður sem er á sama taxa nú og fyrir tveimur árum er um fjórðungi lengur að vinna fyrir bílverði nú en 1987.

Nokkru munar á verðhækkun- um eftir tegundum og er skýringin einkum fölgín í, að mjög mismunandi er hvort nýjar árgerðir, 1990, eru komnar í sölu. Þar sem svo er, hefur hækkunin yfirleitt orðið um og yfir 80%. Bornir voru saman verðlistar bifreiðaumböð- anna frá þess-

um 7%, þannig að heildarhækkun- in er 43%.

Pað tekur því venjulegan launa- mann á óbreyttum launataxta tæplega fjórðungi lengri tíma að vinna fyrir jafnvirði bíls nú, held- ur en á sama árstíma árið 1987, miðað við sambærilegan bíl. Hafi maðurinn haft 80 þúsund

króna mánaðarlaun á þriðja árs- fjórðungi 1987 var hann, miðað við verðlag þá, fimm mánuði að vinna fyrir 400 þúsund krónum. Bíll sem þá kostaði 400 þúsund krónur og hefur hækkað um 75%,

eins og algengt er, kostar í dag 700 þúsund krónur. Laun manns- ins hafa hins vegar hækkað í 114.400 krónur og hann er nú sex mánuði og fjóra daga að vinna fyrir sömu upphæð og bíllinn kostar. Hann er því heilum mánuði og fjórum dögum lengur að vinna inn jafnvirði bílsins nú en fyrir tveimur árum.

Tvennt veldur öðru fremur hækkun bílverðsins. Annars vegar hækkun bifreiðagjalds, hins vegar gengisfall íslensku krónunnar.

1. mars 1986 snarféll bílverð þegar innflutningsgjöld voru lækkuð. Þá var sett á sérstakt bifreiðagjald á bilinu 0-32%, ekkert á minnstu bílana með minnstu vélarnar, mest á stærstu bílana með stórar vélar og fór stig- hækkandi með vélarstærð. Í október 1987 var gjaldið hækkað í 5-55% og í byrjun þessa árs var það enn hækkað og er nú 16-66%. Gjaldið á stærstu bílana hefur því hækkað um nálægt 106%. Enn meiri hefur hækkunin orðið, hlutfallslega, á millistærðunum, bílar með 1.300 til 1.600 rúmsenti-

metra vélar voru í 9% gjaldflokki og eru nú í 31% gjaldflokki. Gjaldið hefur hækkað um 244%.

Gengislækkun krónunnar hefur haft sín áhrif á innkaupsverð og um leið á þau gjöld sem leggjast á bílverðið og eru hlutfall af innkaupsverði. Japanska yenið hefur hækkað frá 1. september 1987 til 1. september 1989 úr 0,27310 kr. í 0,42304 kr., eða um 54,9%. V- þýskt mark hækkaði á sama tíma úr 21,4077 kr. í 31,2050 kr., eða um 45,8% og dollarinn hækkaði úr 38,84 kr. í 60,14 kr., eða um 54,8%.

Ein áhrif þessara hækkana eru, að bílannflutningur hefur dregist verulega saman, úr 18 þúsundum 1987 í 12 þúsund í fyrra og stefnir í að nái ekki 6 þúsundum í ár. Svo virðist því sem almenningur láti sér nú nægja „gamla“ bílinn eitthvað lengur en áður. Vist er að ekki hefur fólk hætt að nota þá bíla sem fyrir eru, því að bensínsala á landinu jókst nær því um 2% fyrstu átta mánuði þessa árs frá sama tíma í fyrra.

BAKSVIÐ

eftir Þórhall Jósepsson